

Til stjórnar Silfurtúns og Byggðaráðs Dalabyggðar

Búðardal 26.apríl 2021

Okkur aðstandendum íbúa á Silfurtúni þykir sorglegt að á tímum heimsfaraldrar hafi ekki verið gerðar viðeigandi ráðstafanir á fjarskiptamálum fyrir íbúa Silfurtúns svo þeir geti notið þess sem tæknin hefur uppá að bjóða s.s. að fylgjast með jarðaförum sem streymt er á netinu, notið viðburða sem streymt er á netinu og fl. Í einhverjum tilfellum hefur starfsfólk komið með búnað til að tengja svo íbúar geta verið með og nú síðast til að íbúar Silfurtúns gætu fylgst með viðburðum á Jörvagleði 2021.

Við skorum á stjórn Silfurtúns og Byggðaráð Dalabyggðar að grípa til aðgerða strax bæði hvað varðar nettengingu og búnað til að streyma efni í setustofu íbúa á Silfurtúni. Okkur þykir mikilvægt að okkar elstu íbúar geti tekið þátt í því sem í boði er þar sem þau hafa ekki kost á að taka þátt eða vera viðstödd viðburði vegna lokana og heimsóknartakmarkana.

f.h. Aðstandenda og velunnara

Ingibjörg Jóhannsdóttir

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir

Jóhanna B Jóhannsdóttir

Erna Kristín Hjaltadóttir,

Bára Hjaltadóttir

Kristín Guðrún Ólafsdóttir

Steinunn H Halldórsdóttir

Kristbjörg María Einarsdóttir

Pórunn Elva Þórðardóttir

Hugrún Reynisdóttir

Pálína Kristín Jóhannsdóttir

Margrét Jóhannsdóttir

Emilía Lilja Gilbertsdóttir

